

SÚÐAVÍKURHREPPUR

6.FUNDUR SKIPULAGS-BYGGINGA-UMHVERFIS OG SAMGÖNGUNEFNDAR

KJÖRTÍMABILID 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, FIMMTUDAGINN 14. NÓVEMBER 2019, KL. 16:00

Mættir eru Hulda Gunnarsdóttir, Þorbergur Kjartansson, Sigurdís Samúelsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir, Jóhann Birkir Helgason og Bragi Þór Thoroddsen.

Fundargerð ritar Bragi Þór, sveitarstjóri. Fundinn setur Hulda Gunnarsdóttir, kannar formsatriði og boðun sem er án athugasemda. Gengið er til dagskrár.

Dagskrá:

1. Beiðni frá Hrafnshóli ehf. byggingarfélagi – deiliskipulag.
2. Orkubú Vestfjarða – olíutankur við Réttarholt.
3. Vegna Raggagarðs – bílastæði.
4. Erindi vegna Nesvegur 7.

1. Nefndin leggur til að Hrafnshóli ehf. verði úthlutað lóð undir byggingu fimm íbúða húss í Grundarstræti 5-7-9. Nefndin leggur jafnframt til grenndarkynningu fyrir húseigendur Holtagötu 2, Hlíðargötu 9 og Grundarstræti 3 þar sem um er að ræða aukningu í fimm íbúðir í stað þriggja samkvæmt skipulagi. Þá leggur nefndin til að grafrarleyfi verði veitt sem fyrst svo unnt sé að hefja framkvæmdir.

2. Nefndin samþykkir beiðni Orkubús Vestfjarða um leyfi til að skipta út olíutönkum við rafstöðina við Réttarholt sbr. umsókn dags. 8.11.2019 og meðfylgjandi teikningum.

Yordan Yordanov kemur inn á fundinn kl. 16:35.

3. Nefndin leggur til að Raggagarði verði veitt leyfi til þess að stækka bílastæði og geymslusvæði við ytri enda bílastæðis, innan skilgreinds svæðis sem garðinum hefur verið úthlutað. Nefndin getur ekki tekið afstöðu til svæðis norður af garðinum þar eð eignarhald svæðis er óljóst, en er jákvæð fyrir gróðursetningu á svæðinu.

4. Nefndin leggst gegn frekari uppbyggingu að Nesvegi 7, enda ekki sömu sjónarmið varðandi almenningssalerni við Raggagarð og tjaldsvæði og að Nesvegi 7. Lóðin er í eigu Súðavíkurbrepps og hefur hreppurinn ekki áform um slíka nýtingu lóðarinnar. Önnur slík leyfi eru á einkalóðum og þar á forræði og ábyrgð eigenda og þar með ekki um fordæmi að ræða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 17:20

Undirritað

Hulda Gunnarsdóttir
Anna Lind Ragnarsdóttir
Þorbergur Kjartansson

Jóhann Birkir Helgason
Sigurdís Samúelsdóttir
Yordanov Slavov